



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Ársskýrsla 2025



Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur	2
Almenn starfsemi	2
Kjarnastarfsemi	2
Skólastarfið og ýmis verkefni	2
Starfsþróun.....	3
Erlent samstarf	5
Árangur af markmiðssetningu í þriggja ára áætlun stofnana	5
Kjarnastarfsemi skólans – markmið	5
Rekstrarþættir – markmið	6
Tölulegar upplýsingar	7
Umsóknir grunnskólanemenda á stúdentsbrautir haustönn 2025.....	7
Skipting nemenda á námsbrautir	7
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	7
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum.....	7
Útskriftarhlutfall á stúdentsbrautum	7
Skólanefnd.....	8
Starfsfólk	8
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2025	8
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki	9
Yfirstjórn skólans	9
Skipurit	9
Kynjaskipting starfsfólks	9
Fjármál.....	10

Inngangur

Í fyrirbyggjandi ársskýrslu er fjallað um kjarnastarfsemi Kvennaskólans í Reykjavík, farið yfir helstu þætti í almennri starfsemi skólans árið 2025 og ýmsar tölulegar upplýsingar birtar auk ársreiknings. Einnig er farið yfir markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunarinnar og stöðu árangursmælikvarða.

Almenn starfsemi

Kjarnastarfsemi

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður upp á nám á fjórum námsbrautum; félagsvísindabraut, íslenskubraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut.

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námsstími á félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur, 3-4 ár, en stefna skólans er að sem flestir ljúki stúdentsprófi af þeim brautum á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærri og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærri. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4 í lokaáfanga greinar. Hluti valáfanga hverrar brautar er 43 einingar. Starfsbrautin er fjögurra ára nám og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Íslenskubrautin er ætluð nemendum af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri og er tveggja ára nám með megináherslu á íslenskukennslu á 1. og 2. þrepi. Starfsbraut Kvennaskólans tók til starfa haustið 2023 og íslenskubraut haustið 2024. Vinna við ritun námsbrautanna, íslenskubrautar og starfsbrautar, er í gangi.

Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám og störf. Gildi skólans eru *umhyggja, ábyrgð og fjölbreytileiki*.

Skólastarfið og ýmis verkefni

Starfsemi skólans var með hefðbundnum hætti árið 2025.

Áframhaldandi samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var tryggt og starfar hjúkrunarfræðingur fyrir skólann í 30% starfshlutfalli. Samstarfið hefur gefist einkar vel.

Kvennaskólinn er einn af samstarfsskólum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Samstarfsskólar sjá um vettvangsnám kennaranema sem er 10 ECTS einingar. Skólinn var með kennaranema skólaárið 2024-2025 en ákveðið var að gera hlé á samstarfinu skólaárið 2025-2026. Kennaranemar sækja vikulega fundi í skólanum, kynnast fjölbreyttum þáttum í starfsemi skólans, aðstoða við kennslu og fá æfingu í að kenna undir handleiðslu leiðsagnarkennara við skólann.

Félagslíf nemenda var að vanda blómlegt. Sem dæmi um hefðbundna þætti í félagslífi nemenda má nefna nýnemaferð, peysufatadag hjá nemendum í 2. bekk, dimmisjón útskriftarnema, þátttöku í Gettu betur og MORFÍS, Tjarnardaga og söngkeppnina Rymju auk hinna ýmsu smærri viðburða. Á Tjarnardögum stóðu nemendur fyrir góðgerðarsöfnun með því að safna áheitum. Nemendur styrktu

Bergið Headspace, Unicef og Kvennaathvarfið. Fúrí, leikfélag skólans, setti að þessu sinni upp söngleikinn Dirty Dancing í Gamla Bíói í leikstjórn Júlíönu Söru Gunnarsdóttur.

Hefð er fyrir því að nemendur skólans fari einu sinni á ári í leikhús og að þessu sinni varð sýningin *Stormur* í Þjóðleikhúsinu fyrir valinu.

Skólinn tók þátt í *Mín framtíð* dagana 13.-15. mars þar sem fram fór kynning á framhaldsskólum samhliða Íslandsmóti iðn- og verkgreina.

Íslenskubraut skólans tók þátt í skemmtilegu samstarfsverkefni með Borgarbókasafninu sem nefndist *Spjalló – samvera og samvinna á bókasafninu* sem styrkt var af Þróunarsjóði innflytjendamála. Nemendur brautarinnar fóru á haustönn í heimsóknir á bókasafnið og unnu þar margvísleg verkefni. Þróunarsjóður innflytjendamála styrkti einnig verkefnið *Byggjum brýr* sem var samstarfsverkefni Kvinnaskólans og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Katarzyna Rabeda, deildarstjóri Íslenskubrautar Kvinnaskólans, hafði yfirumsjón með verkefninu og fór fram skemmtileg og fræðandi dagskrá dagana 15. og 16. maí þegar komu saman nemendur úr báðum skólum. Nemendur fengu fræðslu um íslenska framhaldsskólakerfið, fjölmenningu og fordóma, ábyrgð á eigin heilsu og aðgang að þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Samfélagslögreglan kom í heimsókn og átti gott samtal við nemendur og brúarsmiðir frá Reykjavíkurborg og Miðju máls og læsis kynntu þjónustu sína og sögðu frá upplifun sinni af því að flytja sjálf til Íslands. Nemendafélag Kvinnaskólans tók líka þátt í dagskránni og stýrði skemmtilegum leikjum.

Í upphafi haustannar var ákveðið að setja símakassa inn í allar kennslustofur til þess að bæta námsumhverfi nemenda. Kennarar hafa nýtt símakassana eftir hentugleika hverju sinni og þeir gefist vel.

Í september héldu Píetasamtökin forvarnar- og fræðsluerindi með yfirskriftinni *Segðu það upphátt!* fyrir nemendur á 3. ári. Í fræðsluerindinu var lögð áhersla á andlega líðan og geðheilbrigði. Tómas Daði Bessason sálfræðingur og Birna Rún Eiríksdóttir leikkona stýrðu fræðslunni.

Föstudaginn 24. október var þess minnst að 50 ár væru liðin frá kvennafrídeginum. Hluti dagskrárinnar var söguganga um áfanga í kvennabaráttunni. Femínistafélag skólans, Þóra Melsteð, var með atriði í sögugöngunni fyrir framan aðalbygginguna Fríkirkjuvegi 9. Nemendur höfðu búið til tímalínu með ýmsum áföngum í sögu skólans og fræddu þau þátttakendur í göngunni um tengsl þeirra við kvennabaráttuna.

Stjórnendur og samstarfsnefnd unnu að gerð nýs stofnanasamnings og var skrifað undir nýjan stofnanasamning í júní 2025.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á stöðupróf í móðurmálum nemenda ef ekki er boðið upp á þau annars staðar. Árið 2025 var til dæmis boðið upp á stöðupróf í albönsku, arabísku, filippeysku, pólsku og víetnömsku.

Starfsþróun

Tvisvar á ári er skipulögð fræðsludagskrá, svokölluð húsþing, fyrir allt starfsfólk skólans.

Hér má sjá dagskrá húsþinga á vor- og haustönn 2025.

Húsþing Kvennaskólans – þriðjudaginn 18. febrúar

Kl. 12:30-13:30 **Fræðsluerindi um raddheilsu og raddbeitingu:**
Theilma Hafþórsdóttir Þýnd, iðubjálfi/sérfræðingur í vinnuvernd – féll niður. Forfalli boðuð samdægurs.

Kl. 13:30-13:50 **Kaffihlé**

Velja eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: 13:50-14:30

Dugga (M23) Haraldur Haraldur deilir eigin reynslu sinni af notkun á rafræna prófakerfinu Duggu.	Umhverfispepp (M24) Nemendur í umhverfisráðinu fræða okkur um starf sitt og umhverfismál. Í þessari málstofu verður boðið upp á kynningu, leik og almennt pepp!	Borgarbókasafnið (M27) Hildur Björgvinsdóttir verkefnastjóri viðburða og fræðslu segir hvernig hægt er að nýta aðstöðu bókasafnsins undir kennslu, hvað nemendum stendur til boða á safninu og verkefninu <i>Spjalló</i> sem er samvinnuverkefni Kvinnó og safnsins sem byrjar næsta haust.
--	---	---

Málstofur II: 14:40-15:10

Símanotkun í kennslustundum (M23) Ágústa Björg Umræðuhópur um símanotkun nemenda í kennslustundum og rætt um mismunandi leiðir til að koma í veg fyrir að nemendur freistist ekki í símana í kennslustundum.	Hvernig nota ég gervigreind í mínu starfi (M24) Sigurður Umræðuhópur þar sem starfsfólk fær tækifæri til að hittast og deila reynslu sinni. Lagt er upp með að fólk segi frá hvernig þau nota gervigreind í sínu starfi.	Listasafn Íslands (M27) Ragnheiður Vignisdóttir, fræðslu- og útgáfustjóri segir frá því sem Listasafnið hefur upp á að bjóða: Fræðsla, heimsóknir og mögulegt samstarf.
--	--	---

Húsþing Kvennaskólans – föstudaginn 17. október 2025

Kl. 13:20 – 14:10 **Hatursorðræða: Frelsi eða vernd?** Eyrún Eypórsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri

Að undanförmu hefur orðið augljóst í samfélagslegri umræðu að mörkin milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis eru ekki aðeins óljós heldur líka hreyfanleg og jafnvel mótsagnakennd. Hatursorðræða hefur verið rædd í tengslum við svokallaða „vök“-umræðu þar sem spurt er um frelsi hvers og eins til að hafa og tjá skoðanir. En hvað er hatursorðræða í raun? Snýst deilan um þöggun óvinsæla skoðana eða réttindabaráttu jaðarsettra hópa? Eru lögin að skerða frelsi eða tryggja það? Eða snýst málið fremur um alvarleika áhrifa tjáningar: er í lagi að móðga en ekki að hvetja til mismununar eða ofbeldis? Í fyrirlæstrinum verður fjallað um hatursorðræðu út frá ólíkum sjónarhornum, lagalegum og fræðilegum skilgreiningum, sem og almennum skilningi á hugtakinu. Rýnt verður í sögu og þróun hugtaksins og það sett í samhengi við samtímaumræðu hérlandis, í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu, til að varpa ljósi á ólík sjónarmið og viðmið sem tengjast hugtakinu.

Kl. 14:10 – 14:30 **Kaffihlé**

Veljið eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta, **athugið** að gagnræðunámskeiðið er ein löng málstofa þannig að þátttakendur á námskeiðinu velja þá eingöngu gagnræðunámskeiðið.

Málstofa: 14:30 – 16:00 Gagnræðunámskeið Samtakanna '78 (M24) Námskeiðið er hagnýtt og miðar að því að styrkja þátttakendur í að bregðast við ósannindum, útilokandi orðræðu og hatursorðræðu. Þar er lögð áhersla á að gagnræða snúi ekki endilega að því að sannfæra andstæðinginn heldur að leiðrétta rangfærslur og setja fram önnur sjónarmið sem forvörn gegn ofbeldi og útskúfun. Þátttakendur fá tækifæri til að æfa sig í fjölbreyttum aðferðum, svo sem að bjóða upp á annað sjónarmið, kalla eftir stillingu, spyrja spurninga og leiðrétta rangfærslur. Þannig öðlast þeir verkfæri til að styðja hinsegin málefni og önnur jaðarsett samfélagshópa með yfirvægun, staðreyndum og manneskjuvæðingu í orðræðu. 20 þátttakendur skráðir, hægt að bæta við með því að skrá sig hér: https://forms.office.com/e/18hrgW15YI	Málstofur I: 14:30-15:10 Húsnæðislán (M23) - Kristján Hér fer Kristján stærðfræðikennari yfir allt sem þú þarft að hafa í huga og vita áður en þú tekur húsnæðislán eða ert að hugsa um endurfjármögnun. Málstofur II: 15:20-16:00 Að byrja að nota Duggu (M23) - Ingibjörg Ásta Ingibjörg Ásta byrjaði að nota Duggu prófakerfið í öllum sínum áföngum á þessari önn. Hún segir frá hvernig hefur gengið að nota kerfið og fer yfir ýmis „tips and tricks“.	Málstofur I: 14:30-15:10 Bekkjarandi (M27) - Ína Að móta bekkjaranda - hópar og samskipti, hvað getur kennarinn gert: Þekkt er að hópar/bekkir fara í gegnum ákveðin stig áður en næst að byggja upp traust í hópnum. Farið verður aðeins í þessi stig og lögð áhersla á hvernig kennarar geta greint stig hópsins, brugðist við á uppbyggilegan hátt og eftir jákvæða samvinnu, leiðtogahtverk og samskiptamenningu innan bekkjarins. Málstofur II: 15:20-16:00 Aðstoð við nýliða í starfi (M27) - Björk Stuðningur sem nýliðar fá á fyrsta kennsluári sínu getur skipt sköpum varðandi upplifun þeirra af kennslustarfinu. Í þessari málstofu verður farið yfir hvernig við aðstoðum nýliða í Kvinnó og rætt hvort við getum lært af starfstengdri leiðsögn sem kennaranemar fá frá leiðsagnarkennurum.
--	---	--

Árið 2025 var að auki:

- Dugga, rafrænt prófakerfi (fræðsluerindi). Gísli Örn Bragason framhaldsskólakennari.
- Kynning á Erasmus+. Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir, verkefnastjóri erlendra samskipta.
- Ráð og algengar gildir við gerð prófa og námsmats (fræðsluerindi). Guðmundur T. Heimisson, lektor við Háskólann á Akureyri.
- Raddbeiting og raddvernd (fræðsluerindi). Þórey Sigþórsdóttir, leikkona og raddkennari.
- Persónuverndarmál í skólastarfi (fræðsluerindi). Laufey Ásgrímsdóttir, skjala- og þjónustustjóri.
- Starfsbraut Kvennaskólans. Kynning á námsskipulagi og inntökuskilyrðum. Elísa Davíðsdóttir, deildarstjóri starfsbrautar.
- Staða EKKO mála. Þórður Kristinsson jafnréttisfulltrúi Kvennaskólans kynnti verkfæri sem við sem skóli og samfélag höfum til að vinna eftir í EKKO málum.
- Nokkur orð um gervigreind (kynning og fræðsla). Sigurður E. Vilhelmsson, framhaldsskólakennari.

Erlent samstarf

Kvennaskólinn í Reykjavík er með Erasmus+ vottun og eru áherslur skólans í Erasmus+ áætluninni:

- Auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og nýtingu nýrrar tækni
- Efla lykilfærni í samskiptum, menningarläsi og tungumálafærni
- Efla stoðþjónustu og jafningjastuðning við nemendur sem þurfa stuðning í námi
- Auka skuldbindingu nemenda til eigin náms
- Efla nemendalýðræði í skólastarfi

Í mars fóru fimm kennarar til Modica á Sikiley í starfsspeglun en samstarf skólanna tveggja hefur staðið yfir í nokkur ár. Fjölbreyttur hópur kennara fór í ferðina sem heppnaðist einstaklega vel. Í júní fór kennari sem hefur starfað á starfsbraut og við dönskukennslu í starfsspeglun til SOSU Østjylland í Danmörku. Heimsóknin veitti innsýn inn í starf starfsbrauta þar í landi. Verkefnisstjóri erlendra samskipta sótti ráðstefnu á Möltu þar sem umfjöllunarefnið var *How accredited organisations can effectively evaluate the targets and objectives set out in their Erasmus plan*. Skólinn hélt síðan áfram að taka á móti kennurum og starfsfólki í starfsspeglun á árinu.

Að auki má nefna að við skólann eru kenndir borgarafangar og fóru hópar nemenda á haustönn með kennurum til Berlínar og Parísar.

Árangur af markmiðssetningu í þriggja ára áætlun stofnana

[Í stefnumiðaðri áætlun fyrir tímabilið 2025-2027](#) voru sett fram eftirfarandi tvö markmið í kjarnastarfsemi skólans. Stefnumiðaðri áætlun skólans var skila í Akra-kerfið.

Kjarnastarfsemi skólans – markmið

1. **Auka gæði náms og kennslu.** Mælikvarðar voru a) námsframboð í kjarna og vali, b) fjölbreytni kennsluaðferða og c) líðan nemenda í skólanum.
 - a) *Námsframboð í kjarna og vali.*
 - Viðmið 2025: 86% nemenda ánægð með námsframboð í kjarna og vali.
 - Staðan 2025: 86% nemenda telja námsframboð kjarna- og valáfanga mjög eða frekar gott.

b) *Fjölbreytni kennsluaðferða*

- Viðmið 2025: 67% nemenda telja kennsluaðferðir fjölbreyttar.
- Staðan 2025: 64% telja kennsluaðferðir fjölbreyttar.

c) *Líðan nemenda í skólanum*

- Viðmið 2025: 90% nemenda líður vel í skólanum.
- Staðan 2025: 82% nemenda líður vel í skólanum.

Verkefni/aðgerðir sem tengjast þessu markmiði voru að leggja áherslu á:

- Endurskoða með hvaða hætti grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsháttum skólans, skólabrag og inntaki námsgreina.

2. **Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda.** Mælikvarðar voru a) skólasókn, b) nemendur telja sig læra færni sem er mikils virði, c) vinnufriður í kennslustundum.

a) *Skólasókn*

- Viðmið 2025: 90% nemenda með 80-100% raunskólasókn.
- Staðan 2025: 89% nemenda með 80-100% raunskólasókn.

b) *Nemendur telja sig læra færni sem er mikils virði*

- Viðmið 2025: 88% nemenda sem telja sig læra færni sem er mikils virði.
- Staðan 2025: 87% nemenda sem telja sig læra færni sem er mikils virði.

c) *Vinnufriður í kennslustundum*

- Viðmið 2025: 79% nemenda sem telja vinnufrið í kennslustundum góðan
- Staðan 2025: 80% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum.
- Verkefni/aðgerðir sem tengjast þessu markmiði voru að leggja áherslu á:

Verkefni/aðgerðir sem tengjast þessu markmiði voru að leggja áherslu á:

- Endurskoða reglur og uppfæra fræðsluefni um heiðarleg vinnubrögð í námi, sérstaklega hvað varðar notkun gervigreindar.

Rekstrarþættir – markmið

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram eftirfarandi tvö markmið:

1. *Aukin starfsánægja).*

- Viðmið 2025: Heildareinkunn í Stofnun ársins (starfsánægjukönnun) 4,30
- Staðan 2025: Heildareinkunn = 4,29

Verkefni/aðgerðir sem tengjast þessu markmiði voru að leggja áherslu á:

- Endurskoða fyrirkomulag og ferli starfsmannasamtala.
- Innleiða rafrænt prófakerfi.
- Greina félagslegt vinnuumhverfi samhliða gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði.

2. *Stafræn færni*

Hæfni starfsfólks úr stafrænni hæfnikönnun. Síðast lagt fyrir árið 2024.

- Viðmið 2024: 3,75
- Staðan árið 2024: 3,79

Tölulegar upplýsingar

Umsóknir grunnskólanemenda á stúdentsbrautir haustönn 2025

Braut	1. val	2. val	3. val
Félagsvísindabraut	129	137	52
Náttúruvísindabraut	223	326	90

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2025				Haust 2025			
	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Félagsvísindabraut	73	102	103		75	75	98	3
Íslenskubraut	15				12	18		
Náttúruvísindabraut	128	108	113	2	152	126	109	5
Starfsbraut	6	6			6	5	6	
Nemendafjöldi samtals	658				690			

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2025			Haust 2025		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	54	229	0	45	206	0
Íslenskubraut	7	8	0	15	15	0
Náttúruvísindabraut	109	253	0	104	288	0
Starfsbraut	7	6	0	8	9	0

Við vekjum athygli á því að engir nemendur eru merktir kynsegin í Innu en í skólanum eru þó kynsegin nemendur.

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2025	Haust 2025
Félagsvísindabraut	101	1
Náttúruvísindabraut	108	4
Alls	209	5

Útskriftarhlutfall á stúdentsbrautum

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann á stúdentsbrautir nái að brautskrást á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka 200 eininga stúdentsprófi.

- Á þriðja ári vorið 2025 voru 216 nemendur, brautskráðir úr 3. bekk vorið 2025 voru 208 (96,3%), einn nemandi úr 4. bekk útskrifaðist vorið 2025.
- Haustið 2022 innrituðust 232 nemendur í 1. bekk og vorið 2025 útskrifuðust 209 nemendur, 5 nemendur útskrifuðust í desember 2025. Útskriftarhlutfall 92,2%.

Skólanefnd

Skólanefnd var skipuð 7. nóvember 2025. Nefndina skipa:

Aðalmenn:

- Bjarnveig Birta Bjarnadóttir
- Einar Sveinbjörn Guðmundsson
- Sonja Huld Guðjónsdóttir
- Sigrún Einarsdóttir
- Tryggvi Másson

Varamenn:

- Elma Dís Árnadóttir
- Magnús Már Guðmundsson
- Dilja Ámundadóttir Zoega
- Viktor Orri Valgarðsson

Áheyrnafulltrúar:

- Valgerður Stella Kristjánsdóttir, áheyrnafulltrúi kennara á vorönn 2025
- Logi Hjörvarsson, áheyrnafulltrúi nemenda á vorönn 2025
- Ína Björg Árnadóttir, áheyrnafulltrúi kennara á haustönn 2025
- Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir, áheyrnafulltrúi nemenda á haustönn 2025
- Ásbjörn Kristinsson, áheyrnafulltrúi foreldra

Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2025

Starfsheiti	Karlar		Konur		Fjöldi samtals	Stöðugildi samtals
	Fjöldi	Stöðu-gildi	Fjöldi	Stöðu-gildi		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	1,00
Áfangastjóri			1	1,00	1	1,00
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	1,00
Framhaldsskólakennari	20	17,32	39	36,79	59	54,11
Leiðbeinandi	1	1	1	0,36	2	1,36
Matreiðslumeistari	1	1,00			1	1,00
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,40	2	1,40
Félagsmála- og forv. fltr.			1	0,25	1	0,25
Skjala- og þjónustustjóri			1	1,00	1	1,00
Skólameistari			1	1,00	1	1,00
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	1,00
Þjónustuliði mótuneyti			2	2,00	2	2,00
Þjónustuliði ræstingu	2	2,00	1	1,00	3	3,00
Samtals	25	22,32	51	46,80	76	69,12


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 55,47
- Annað starfsfólk 9,65

Yfirstjórn skólans

- Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
- Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari
- Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri
- Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 51 eða 67,1%
- Karlar 25 eða 32,9%

Starfsaldur kennara er 13,2 ár að jafnaði, meðallífdur kennara er 48,6 ár.

Fjármál

Á árinu 2025 var ársveltan 1.361,9 m.kr. og afkoma jákvæð um 29,0 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 40,0 m.kr. í árslok.

Útgjaldarammi ársins samkvæmt fjárlögum var 1.148,3 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 79,8 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 1.074,5 m.kr. þar af var gert ráð fyrir 7,3 m.kr. framlagi til fjárfestinga.